

Fundur 5.5.2025 Johanna, dönsk kona sem flutti í byrjun 21. aldar.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Kona á framlífs hnetti, heilsa ég ykkur og,

*Velkomin.*

Takk fyrir, og vona ég að þið skynjið orku þá sem er inni í þessari stjörnusambandsstöð, og vona ég að þið njótið orkunnar og eru hér margir fjarstaddir, mannkyn, hef reynt að hjálpa fólki og gengur það vel.

Og ég nýti hér mín persónulegu tengsl og einnig tengslin sem ég fæ hér í salnum í stjörnusambandsstöðinni og lít ég yfir salinn, og er það hringlaga ræðupúlt og sambandssteinn sem magnar mig og sambandið.

Og er það ljósvera sem öflug er í fjarska, á öðrum hnetti sem magnar mig, og sjáum við hana í fjarska, og hér er fjölmargt fólk í salnum og sjáum við annan stjörnuhiminn en var á jörðinni gömlu.

Var ég mögnuð af sambandi sem var hér á undan, og höfum við verið í góðum tengslum við þann hnött sem náði sambandi við ykkur, en hef ég í mínum persónulegu tengslum náð lengra, og hef ég náð tengslum við einstaklinga sem veitt hafa mér möguleika til að efla fólk og hjálpa á þessum hnetti, og vil ég halda því áfram.

Mátti ég þola mikla erfiðleika og sjúkdóma á jörðinni gömlu, en er það nú allt að baki, nema einstaka sinnum sem einhver slappleiki kemur yfir mig, og hef ég sumuleiðis notið góðs af foreldrum mínum, sem hér eru staddir og eitt systkini og lengra komnir á öðrum hnöttum.

En breytingar hafa þó orðið á þessum hnetti, þessum framlífs hnetti og menningu okkar, og eru það skiptar skoðanir á þeim breytingum, og í húsinu þar sem ég bý, er margvíslegt fólk sem bæði hefur góða sögu að segja og miður góða, og hafa deilur sprottið út af því, að í okkar nánasta umhverfi er upp komið annar trúarhópur en sem ekki fylgir þeirri opinberu trú sem mannkyn okkar þjóð okkar aðhyllist, og spretta af því nokkrar deilur.

Og hafa vaknað spurningar hvort það hafi heilsufarsleg áhrif, þar sem við höfum lært það, sem erum hingað komin á þennan hnött að venja okkur af neyslu matar að mestu leiti og fáum orkuna úr andrúmsloftinu að meira og meira leiti, en hafa orðið breytingar á því.

Og eru það aðeins nokkrir aðilar sem um er að ræða, og hef ég reynt að hjálpa þeim þar sem ég bý, en bæði er, að andleg áhrif valda því, að þetta fólk setur sig upp á móti mér, sem er annarar trúar og heiðin, og þetta fólk þykist vera að bæta samfélagið, en er ekki að gera það.

Og er það kristin kirkja sem er uppkomin hér og gamall biskup, en

*Sigurbjörn ?*

Nei,

Ok.

En er ég dönsk kona.

*Frá Danmörku já.*

Já, en það, höfum heyrt að einhverju slíku annars staðar frá, en með orkunni er ýmislegt hægt, en orkan verður að vera þannig að kærleikurinn ríki og fólk sé ekki ósammála og andstætt í hugsunum, trúarbrögðum.

Og eru það reglugerðir og eru það önnur hnatta sambönd en þessi Heiðnu, sem við tilheyrum, og já margt af því að segja.

Ég kom á þennan hnött fyrir, já farin að reskjast, það var skömmu eftir síðustu öld á jörðinni, og hef ég, nafn mitt er Johanna, hef bæði unnið við bóksölu og andleg störf.

Og er hér dásamleg orkan í salnum og mæti ég ævinlega á þessa fundi, en vildi vara við því að kærleikurinn þarf að vera umvefjandi og forðast deilur við annað fólk og miðla, mikilvægt að miðla málum og finna sameiginlegan grundvöll, samvinnu grundvöll.

Ég næ ekki að koma þessu öllu að, þakka ég kærlega fyrir mig og óska ég ykkur alls hins besta og vona að þið skynjið orkuna frá okkur.

Verið þið blessuð og sæl.

*Vertu blessu Johanna og takk fyrir komuna.*